

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2022
UST202204-167/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - framkvæmdir við Axarveg - aukin efnistaka.

Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 20. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á ofangreindri framkvæmd sem felst í aukinni efnistöku úr fjórum námum í tengslum við lagningu nýs Axarvegar, alls 198.400 m³.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að öll frekari efnistaka muni fara fram á háheiðinni næst núverandi Axarvegi og mun ekki auka verulega umhverfisáhrif vegna nýs Axarvegar. Að mati Umhverfisstofnunar munu langmestu umhverfisáhrif vegna lagningar nýs vegar verða á fallett landslag og ásynð í Berufjarðarbotni.

Umhverfisstofnun vill ítreka að vanda ætti til verka við hönnun skeringa í Berufjarðarbotni þar sem meiri áhersla verði lögð á mótun landslags til að milda sjónræn áhrif en til þessa hefur útlit skeringa oft verið ákvarðað að mestu í magnforritum og því eru skeringar hver annarri lík óháð ásynð nánansta umhverfis.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við breytingar á umræddri framkvæmd.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur